

Akraneskaupstaður
Stillholti 16-18
300 Akranes

Reykjavík 7. desember 2018
UST201811-213/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting - Aðalskipulag Akraness 2005 – 2017 - miðsvæði M2


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarssviðs Akraneskaupstaðar er barst 19. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að aðalskipulagsbreytingu á miðsvæði M2, sem nær frá Akratorgi um Kirkjubraut að Stillholti á Akranesi.

Í lýsingu kemur fram að tilgangur með fyrirhugaðri breytingu er að gefa kost á auknum sveigjanleika um bílastæðamál þar sem áform eru um aukinn þéttleika byggðar. Einnig segir að gildandi ákvæði um hækkað nýtingarhlutfall telst of bindandi gagnvart svæðum þar sem óhagstætt eða erfitt er að byggja bílageymslur neðanjarðar.

Í drögum að breyttum ákvæðum segir: „*Auknu byggingarmagni skal mæta með gerð nýrra bílastæða í göturými, með samnýtingu og með bílageymslum neðanjarðar þar sem aðstæður leyfa. Skilmálar um fjölda bílastæða vegna aukinnar nýtingar skulu settir í deiliskipulagi.*“


Svæðið sem hér um ræðir er lýst sem þungamiðju miðbæjarins með meginhluta verslana, stofnana og þjónustufyrirtækja bæjarins ásamt talsverðri íbúðarbyggð.

Þar sem að tillagan gerir ráð fyrir þeim möguleika að staðsetja ný bílastæði í göturými, bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að hugað verði að öryggi og aðgengi gangandi og hjólandi á svæðinu í breytingartillögunni.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllt



Björn Stefánsson
Sérfræðingur